

FAX 5156830 → ÞIL EGILS HELGAS. ATH! NIÐURLAG RØÐUNNAR ER KÖRPERT
— I VÍÐEÐ-UPPTÖKUNNI. ÞSY

Ágætu kvennalistakonur.

Upphefssíða Kristin Hellmörðsd.

Hér erum við nú saman komnar til 14. landsfundar Kvennalistans undir kraftmikilli yfirskrift: Kvenfrelsi - frá orðum til athafna.

Í þeiri yfirschrift felst áminning og áskorun til allra í íslensku samfélagi.

Í hálfsan annan áratug höfum við kvennalistakonur staðið vaktina, og við stöndum hana enn.

Við risum gegn ríkjandi hefðum og sköpuðum okkar eigin vettvang eftir eigin hugmyndum og aðstæðum.

Við yfirstigum glaðar allar hindranir og þeytum fram á sviðið til að breyta rótgrónum hugmyndum um konur, stöðu þeirra og hlutverk.

Við höfum lagt áherslu á, að konur vilja móta líf sitt sjálfar - þær vilja völd og áhrif til þess að tryggja mannréttindi kvenna og breyta þeim aðstæðum, sem konum eru búnar. Til þess hafa þær allan rétt og eiga að nýta þann rétt.

Það er grundvallarmisskilningur, sem heyrist oft í máli þeirra, sem gagnrýna Kvennalistann, að við höfum skilgreint okkur og konur yfirleitt sem einsleitan hóp kvenna í hlutverki kúgaðra þolenda með einn allsherjar óvin í karlmannslíki. Það er afskræming veruleikans.

NB Við höfum þvert á móti frá upphafi lagt áherslu á, að konur eru margbreytilegar og óliskar sem einstaklingar, en þær hafa hins vegar sérstöðu sem hópur - og verri stöðu í þjóðfélagit en karlar. Það er sú staðreynd, sem gerir það nauðsynlegt, að konur standi saman og beiti samtakamætti til þess að breyta aðstæðum sínum. Reynslan hefur sýnt það og sannað, að með samstöðunni geta konur lyft Grettistaki.

Stærsta stjórnmálafl landsins, sem varði hluta landsfundar síns nýlega til umræðu um jafnrétti kynjanna, reynir að firra sig ábyrgð á mannréttindabaráttu kvenna með því að vísa á frjálsa samkeppni einstaklinganna sem leið til jafnréttis og halda því til streitu, að hæfni einstaklinganna sé það eina sem máli skiptir.

Með tilliti til núverandi stöðu kvenna í samfélagit eru slík skilaboð hrein móðgun við konur. Í þeim hlýtur að felast sú skoðun, að það sé vegna vanhæfi, sem konur hafa ekki völd. Þeim sé einfaldlega ekki treystandi, þær standi sig ekki, og eina ráðið sé að taka sig á og standa sig betur í samkeppninni við hina fjölmörgu hæfu karla. Augljóslega skortir enn mikið á viðhorfsbreytinguna í Sjálfstæðisflokknum.

Ástandið er ekki mikið betra í öðrum flokkum. Þegar á reynir er konum ekki treyst til jafns við karla. Undantekningin er formaður Alþýðubandalagsins, Margrét Frímannsdóttir, sem ég gæti þó trúat að ætti ekki sjö dagana sæla í því hlutverki, þar eð hún fellur ekki alveg inn í þá aldagömlu smíð, sem formannsramminn er.

Um næstu helgi verður svo Öskjuhlíðin vettvangur átakanna um völdin í

Alþýðuflokknum. Fráfarandi formaður boðaði nýlega kynslóðaskipti og nýtt yfirbragð, en stakk jafnframt upp á karlkyns jafnaldra sínum sem eftirmanni. Ekki virtist hvarfla að honum að nota þetta gullna tækifæri til að sýna í verki traust sitt til þeirrar, sem líklegust var til að geta orðið fyrsta konan í þeirri stöðu. Um leið sá hann ástæðu til að senda kvennalistakonum skilaboð í gegnum fjölmíðla, hvetja þær til að sjá ljósið og fylkja sér með jafnaðarmönnum.

Það er ekki í fyrsta og eina skiptið, sem við fáum slík skilaboð, og það merkilega er, að öllum flokkum öðrum en Sjálfstæðisflokknum finnst við eiga heima innan sinna raða. Eða kannski er það ekkert merkilegt. Við höfum alltaf skilgreint okkur sem nýja vídd í íslenskum stjórnmálum, og við höfum alveg frá upphafi skynjað áhuga innan gömlu flokkanna að auka þeirri vídd í sinn hóp.

Við höfum á margan hátt haft erindi sem erfiði á vettvangi stjórnmálanna. Við höfum rutt nýjum gildum braut og vakið máls á fjölmörgu, sem annars hefði farið hljótt. Við höfum komið með nýja sýn inn í stjórnmálin, og við höfum verið stöðug áminning um rétt kvenna til að nýta reynslu sína og krafta í þágu samfélagsins.

Við höfum haft áhrif á umræðuna, og tilvist okkar hefur ekki aðeins haft áhrif til fjölgunar kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnum, heldur einnig orðið konum hvatning til að láta til sín taka á ýmsum öðrum sviðum þjóðlífssins.

Við höfum komið mörgu til leiðar á Alþingi, þótt ekki hafi orðið af þátttöku í ríkisstjórn. Og víst er, að enn er mikið verk að vinna, hvort sem litið er til launamála, mannréttinda, baráttu gegn ofbeldi, eflingar menntunar og rannsókna, réttinda sjúkra, aldraðra og fatlaðra, nýtingar náttúruauðlinda, verndunar umhverfis, réttlátara skattakerfis eða tengsla við umheiminn.

Í drögum að stjórnmálaályktun fundarins, sem lesin verða hér á eftir, er minnt á helstu áherslur okkar á þeim umbrotatímum, sem nú eru í íslenskum stjórnmálum.

Það þarf að halda stjórnvöldum við efnið, áminna þau stöðugt, halda kvenfrelsisumræðunni sívakandi. Settu marki er ekki náð, fyrr en kynferði hættir að hafa áhrif á aðstæður, starfsferil og kjör. Við höldum því ódeigar áfram okkar starfi, þótt fækkað hafi um sinn í þingliðinu.

Á þessum landsfundi beinum við hins vegar sjónum okkar fyrst og fremst að möguleikum kvenna til þess að hafa áhrif á vettvangi sveitarstjórna. Þar hafa orðið miklar breytingar á undanförnum árum með flutningi æ fleiri verkefna frá ríki til sveitarfélaga, og þar þurfa konur að láta til sín taka.

Að ári liðnu verður undirbúningur undir næstu sveitarstjórnarkosningar þegar hafinn, og því er brýnt að huga strax að sóknarfærum. Við þurfum að leita allra leiða til að tryggja sjónarmiðum jafnréttis og kvenfrelsis brautargengi, jafnt í sveitarstjórnum sem í landsmálum.

Kvenfrelsiskonur hafa komist til valda í nokkrum sveitarstjórnum og fengið tækifæri til að breyta orðum í athafnir. Þær hafa sýnt það og sannað, að það skiptir

máli. Nærtækustu dæmin höfum við af vettvangi borgarstjórnar Reykjavíkur, þar sem orðin ein eru ekki látin duga.

Þar er leikskóla- og grunnskólamálum sinnt af ríkulegum metnaði.

Þar eru í undirbúningi aðgerðir til að taka á launamisrétti kynjanna.

Þar er jafnréttismálum gert hátt undir höfði, og um þessar mundir er verið að hrinda af stað athyglisverðri tilraun með fæðingarorlof karla.

Þá hefur konum markvisst verið fjöldað í valdastöðum - vel að merkja án þess að ýta til hliðar hæfum körlum.

Þetta er allt hægt, ef vilji er fyrir hendi. Og þetta er einmitt í anda yfirschriftar fundarins: Kvenfrelsi - frá orðum til athafna.

Við heyrum nánar af þessum málum í umfjöllun hér í dag og á morgun, og það er von okkar og trú, að það muni efla okkur til áframhaldandi sóknar, þegar árangurinn blasir við.

Pannig er margt, sem styrkir okkur og gleður, þótt alltaf sé á brattann að sækja og stundum næði kalt um ýlustráin á berangri stjórnsmálanna. Við getum horft hreyknar um öxl og djarflega fram á við.

Ég minni á þá staðreynd, að Kvennalistinn er sérstæðasta og djarfasta tilraun síðari ára til endurnýjunar og nýsköpunar í íslenskum stjórnsmálum - tilraun, sem hefur markað spor, e.t.v. dýpri en við gerum okkur grein fyrir á þessari stundu.

Að mínum dómi - og vafalaust okkar allra - er framtíðarsýn í íslenskum stjórnsmálum óhugsandi án þeirra hugsjóna kvenfrelsис og jafnréttis, sem Kvennalistinn hefur haldið á lofti í öll þessi ár.

Og við erum ekki einar um þá skoðun. Ég nefndi það hér áðan, að allir flokkar nema Sjálfstæðisflokkurinn hafa að einhverju marki sýnt áhuga á nánu samstarfi við Kvennalistann. Slíkt samstarf er reyndar fyrir hendi með ýmsu móti í sveitarstjórnarmálum, eins og öllum er kunnugt, og þarf ekki að rekja það frekar. Ýmsir - líka innan Kvennistans - eru þeirrar skoðunar, að á slíkt samstarf verði einnig að láta reyna í landsmálunum. *þ.e.o.a.s. umfram það samstarf sem þegar er f. menði og líði af stöðu ótakar a* *priði.*

Í þessum efnum eru ýmsir möguleikar, sem við þurfum að ræða opinskátt og hreinskilnislega með það að leiðarljósi, hvernig við getum best tryggt kvenfelsishugsjónum okkar framgang. Er þeim best borgið á sama hátt og hingað til, eða eigum við að standa öðru vísi að málum? Eru einhverjur möguleikar fólgir í samstarfi af einhverju tagi?

Lái okkur hver sem vill, þótt við séum tregar til og tortryggnar. Umræðan hefur verið yfirborðskennd og innihaldslaus, hún hefur markast af upphrópunum um börfina fyrir samfylkingu. Um samstillingu hugmynda er minna talað, enda

4

deginum ljósara, að það er ekkert einfalt mál.

Þó er margt, sem bendir til, að framundan sé uppstokkun í íslenskum stjórnmálum, og Kvennalistinn getur ekki staðið þegjandi álengdar. Það er einfaldlega eðli okkar samtaka að vera sífellt á krossgötum og horfa til allra átta.

Nú er t.d. tími til kominn að efna til viðræðna við konur innan þeirra flokka, sem hæst tala um uppstokkun - viðræðna um stöðu kvenna innan stjórnmálanna og hverju samstarf af einhverju tagi gæti skilað konum.

Hvar eru þeir þættir, sem við hugsanlega gætum tengt saman? Hver á hlutur kvenna að vera í þeirri þróun, sem virðist vera að eiga sér stað?

Eigum við að láta karlana um frumkvæðið, eða ætlum við að ráða einhverju um gang mála? Við höfum oft talað um að koma á slískum fundi eða fundum; og nú er tími til kominn að láta verkin tala.

Kannski leiddi slík umræða ekki til annars en að hver yndi áfram glaður við sitt. Og það er kristaltært í mínum huga, að auðvitað ber Kvennalistanum að stefna að því að bjóða fram í öllum kjördæmum og stefna að sem glæsilegastri útkomu í næstu þingkosningum.

En umræða um aðra möguleika þarf að fara fram. Kvennalistakonur hljóta nú sem fyrr að vega og meta hvaða leiðir skila kvennabaráttunni fram á veginn. Hvert eitt skref skiptir mál, að þeiri líð.

X Og ég íthólu það sem sín íf sagði nís ráðan -
L að framtíðar sín i íslenskum stjórnmálum
K er ólengsandi án þeira augsjóna hvern fellsis
og jafnritlis, sem kvt. nefur Nalidit-
a lofti öll persi ár.

→ Eg virð ykkur að kegja ekki minni vigt í ordnum en tilfni ut til.
Eg er ekki að fála afstöðu eða hvort til samstarfs eða
kornningabandalags, hvað þá samruma. Eg er adeins að
þregðast við umræðumini sunn c.t.v. er litstarkari
artil. Eg veit þat ekki. Við hljótmum að í huga g
meða olkar við brögð og
afstöðu á olkar sínar fósendum
þar skipta málfrumir með.

Dag 10.5.2015
Brennidit 10.5.2015